

Gildi Vinagarðs

Trú Von Kærleikur



Starfsáætlun 2026-2027



Leikskólinn Vinagarður starfar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla ásamt öðrum lögum og reglugerðum um starfsemi leikskóla.

Vinagarður er sjálfstæð rekstrareining innan KFUM og KFUK á Íslandi.

Vinagarður nýtur framlags frá Reykjavíkurborg og tekur mið af Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

| | |
|--|----|
| Greinargerð leikskólastjóra | 3 |
| Innra og ytra mat leikskólans á starfsárinu 2025-2026 | 5 |
| Umbótaáætlun Vinagarðs 2026-2027 | 7 |
| Innra mat og umbætur Ungagarðs – deild fyrir börn 2-3 ára | 9 |
| Innra mat og umbætur Grísagarðs – deild fyrir börn 3-4 ára | 10 |
| Innra mat og umbætur Kópagarðs – deild fyrir börn 3-4 ára | 11 |
| Innra mat og umbætur Uglugarðs – deild fyrir börn 4-5 ára | 12 |
| Innra mat og umbætur stuðningsþjónustu og fjölotyngdra barna | 13 |
| Starfsþróunarsamtöl og fræðsla | 15 |
| Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva | 15 |
| Foreldrasamvinna | 16 |
| Skipulagsdagar og leikskóladagatal 2026-2027 | 17 |
| Fylgiskjal 1 Umsögn stjórnar um starfsáætlun Vinagarðs 2026-2027 | 18 |

Starfsárið 2025–2026 var afar viðburðaríkt og skemmtilegt í leikskólanum þar sem fjölbreytt verkefni, hátíðir og skapandi starf settu svip sinn á daglegt líf barna og starfsfólks. Gleði, samvera og lærdómur einkenndu starfið og margt eftirminnilegt átti sér stað yfir árið.

Leikskólinn Vinagarður byggir starf sitt á kristilegum grunni þar sem lögð er áhersla á trú, von og kærleika. Mikil áhersla er lögð á vináttu, umhyggju og jákvæð samskipti, auk þess að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og sköpuninni. Leitast er við að skapa hlýlegt og gleðiríkt umhverfi þar sem hvert barn fær að tilheyra á eigin forsendum.

Kristin fræðsla er mikilvægur þáttur í daglegu starfi Vinagarðs og er fléttuð inn í skólustarfið á fjölbreyttan og skapandi hátt. Börnin læra bænir, kristilega söngva og minnisvers auk þess að kynnast sögum úr Biblíunni í gegnum lestur, endursagnir, leikgerðir og myndlist. Farið er í heimsóknir í Áskirkju fyrir jól og páska og börn og foreldrar taka þátt í verkefninu „Jól í skókassa“, sem eflir samkennd og ábyrgð. Fyrir jólin skrifa elstu börn leikskólans eigið handrit að jólahelgileik sem þau æfa og sýna fyrir önnur börn, foreldra og aðstandendur á jólaballi foreldrafélagsins. Verkefnið reynir á og eflir fjölbreytta færni barnanna, meðal annars sköpun, samvinnu, tjáningu og sjálfstraust.

Innleiðing nýrrar skólanámskrár hélt áfram á árinu með áherslu á starfsaðferðir, lærdómssamfélag og sjálfsprottinn leik. Matsverkefni skólans veturinn 2025–2026 beinist að samskiptum barna í leik. Haustið 2025 héldu tveir kennarar námskeiðið Tengjumst í leik fyrir foreldra í samstarfi við Menntamálastofnun og sóttu 14 foreldrar námskeiðið með góðum árangri. Á árinu lauk einnig tveimur Nordplus-samstarfsverkefnum með leikskólum í Eistlandi, Litháen og Noregi um reynslunám og stuðning við börn í leikskólustarfi. Samstarfið gekk vel og tekur Vinagarður nú þátt í stóru verkefni með Finnlandi, Svíþjóð og Lettlandi um samþættingu sköpunar og vísinda, *Art meets STEM* sem hefst í haust.

Á starfsárinu fagnaði Vinagarður 50 ára starfsafmæli og var þess minnst með fjölbreyttum viðburðum fyrir börn, starfsfólk og foreldra allt árið um kring. Börn og starfsfólk fengu meðal annars boli skreytta mynd og texta sem elstu börn skólans hönnuðu sjálf. Vorhátíðin var sérstaklega vegleg í tilefni afmælisársins og naut mikillar þátttöku. Í júní leiddi Lúðrasveit verkalýðsins skruðgöngu um hverfið og í október sá leikskólinn um dagskrá AD-fundar þar sem starf Vinagarðs hlaut mikið lof. Hápunktur afmælisársins var síðan 17. nóvember þegar nýtt merki skólans, hannað af Hugrónu Lenu Hansdóttur grafískum hönnuði, var afhjúpað af borgarstjóra Reykjavíkur, Heiðu Björg Hilmisdóttur. Að því loknu var haldin afmælisveisla fyrir börn, foreldra og starfsfólk með afmælisköku, söng og heimsókn frá Línu Langsokk. Einnig var núverandi og fyrrverandi starfsfólki boðið í samsæti þar sem rifjaðar voru upp minningar úr starfinu með myndum og myndböndum frá liðnum árum. Afmælisnefnd skólans eru færðar sérstakar þakkir fyrir metnaðarfulla og skemmtilega dagskrá á þessu merka afmælisári.

Á hverju starfsári er unnið með þema sem fléttast inn í allt starf leikskólans og hefur áhrif á fjölbreytt viðfangsefni daglegs starfs, svo sem hópastarf, málörvun, hreyfingu, myndsköpun og tónlist. Þema þessa starfsárs var moldin og fengu börnin tækifæri til að kynna moldinni í gegnum leik, rannsóknir, skynjun og listsköpun þar sem forvitni þeirra og uppgötvunargleði fengu að njóta sín. Verkefnið spönnuðu allt frá frjálsri sköpun til markvissra rannsókna og gaf þemað þannig börnunum tækifæri til að læra, upplifa og skapa á ólíkan hátt.



Formleg menntun barna hefst í leikskóla, fyrsta stigi skólakerfisins. Þar á velferð og hagur barna ávallt að vera leiðarljós í öllu starfi. Börnum skal veitt umhyggja, öruggt og hvetjandi uppeldisumhverfi þar sem vellíðan þeirra, öryggi og þroski fá að njóta sín. Gildi og sýn Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, um trú, von og kærleika skapa sterkan grunn fyrir leikskólastarf sem mætir þessum mikilvægu markmiðum af metnaði og hlýju. Þar er lögð áhersla á að hvert barn fái að blómstra á sínum eigin forsendum í kærleiksríku samfélagi.

Við viljum færa starfsfólki Vinagarðs innilegar þakkir fyrir að sinna þessu mikilvæga hlutverki af fagmennsku, áhuga og alúð. Með daglegu starfi sínu skapar það börnunum hlýlegt, öruggt og uppbyggilegt umhverfi þar sem gleði, vinátta og lærdómur fá að vaxa. Við horfum björtum augum til framtíðar og hlökkum til að halda áfram að þróa og efla hið öfluga leikskólastarf í Vinagarði.

Hulda Björg Jónasdóttir og Hildur B. Svavarsdóttir leikskólastjórar

INNRA OG YTRA MAT LEIKSKÓLANS Á STARFSÁRINU 2025-2026

Greinargerð um innra mat. Samkvæmt matsáætlun skólans var megináhersla á að meta starfsaðferðir og mannauð, auk þess sem tveir grunnþættir menntunar voru skoðaðir en hinir voru metnir á síðasta skólaári.

| Hvað var metið? | Hvernig ? | Hverjir? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|---|--|-----------------------------|--|
| <p>Grunnþættir menntunar</p> <p>Sköpun og menning Heilbrigði og vellíðan</p> | Rýnihópar barna og foreldra, umræðuhópar starfsfólks og deildarfundir, skráning deildarstjóra | Börn, starfsfólk, foreldrar | <p>Styrkleikar: Í skólanum er náttúrulegt umhverfi, söfn og menningarstofnanir markvisst notaðar til fróðleiks og innblásturs, starfsfólk notar opnar spurningar í sköpunarstarfi með börnum og verk þeirra eru sýnileg í skólanum allt árið um kring. Mörg verkefni tengjast náttúru og ferlum sem þar finnast. Börnin hafa gaman af skapandi verkefnum og njóta þess að syngja oft í viku. Þau sækjast í útiveru og vettvangsferðir allan ársins hring og fá hreyfingu í fjölbreyttu umhverfi. Virðing fyrir öðrum, jákvæð og ábyrg hegðun vega þungt í áherslum skólastarfsins.</p> <p>Tækifæri: Skoða efnivið fyrir leikræna tjáningu og tónlist. Ýta undir skapandi hugsun við verkefni hjá börnum. Auka framboð á frjálsum skapandi stundum. Efni söngstunda taki meira mið af óskum barna. Söngtextar og upptökur á söngvum sé oftast miðlað til foreldra. Skoða hvort gera mætti matarstefnu í skólanum og auka þátttöku barna í athöfnum tengdum máltíðum. Öryggisnefnd skoði hljóðvist. Ræða leiðir til að stuðla að ró í skipulagi og umhverfi leikskólans.</p> |
| <p>Mannauður</p> <p>Teymisvinna Traust</p> <p>Lærdómssamfélagið Faglegt samstarf</p> | Umræðuhópar starfsfólks, deildarfundir, starfsmannakönnun starfsmannasamtöl, rýnihópar barna, rýnihópar foreldra | Börn, starfsfólk, foreldrar | <p>Styrkleikar: Starfsfólk upplifir virkt lærdómssamfélag, sérstaklega hvað snertir styðjandi menningu, jákvæðni í garð breytinga og dreifingu á verkefnum á deildum. Upplýsingaflæði í tengslum við ákvarðanatöku í daglegu skólastarfi er skilvirkt. Starfsmannasamtöl leiddu í ljós að traust ríkir í starfsmannahópnum og óskir um símenntun snúa nær allar að leiðum til að auka vellíðan og þroska barna. Stjórnendateymi skólans er sterkt og skoðanaskipti opin. Foreldrar upplifa samskipti og samstarf gott meðal starfsfólks, samræmi sé milli deilda hvað snertir áherslur og teymisvinna ríki á deildum. Ytra mat Reykjavíkurborgar á faglegu starfi var athugasemdalaust.</p> <p>Tækifæri: Auka samvinnu og teymishugsun þvert á deildir, fá vandaða fræðslu um teymi og samskipti, skoða jafningjaendurgjöf/heimsóknir eða hvernig nýta má mannauð milli deilda. Kanna markvisst þekkingu og áhugasvið starfsfólks, sérstaklega nýliða. Festa í skipulagsdaga innlegg frá starfsfólki. Innleiða 38-36 tíma vinnuviku fyrir allt starfsfólk.</p> |

| | | | |
|---|--|------------------------------------|---|
| <p>Starfsaðferðir</p> <p>Vinátta og tengsl</p> <p>Sjónarhorn barna</p> <p>Sjálfsprottinn leikur</p> <p>Velliðan og öryggi.</p> | <p>Rýnihópar barna og foreldra, umræðuhópar og skráningar starfsfólks, deildarfundir, mat stjórnenda</p> | <p>Börn, starfsfólk, foreldrar</p> | <p>Styrkleikar: Sjónarhorn barna er fastur liður í innra mati yfir árið og viðburðateymi einnig. Börnin skilja vel hvað felst í góðri vináttu og tengja það við samskiptareglur og lausnaringinn. Þau telja sig fá góðan tíma til að leika sér og frelsi til að velja leikfélaga og viðfangsefni. Börnin eru hvött til að deila reynslu, hugmyndum og tilfinningum jafnt í skipulögðum samverustundum og sjálfsprottinu starfi. Þau hafa tækifæri til að hafa áhrif á viðfangsefni skólastarfsins og lögð er áhersla á hlutdeild allra í barnahópnum. Starfsfólk ígrundaði eigið starf í samhengi við sjálfsprottinn leik með skráningum og umræðum, til að auka skilning á hlutverki leiksins, sjá stöðu barnsins og tækifæri sem leikurinn gefur til þroska. Innra matsteymi tók inn nýja starfsmenn og fleiri innan teymisins unnu að niðurstöðum ársins. Foreldrar lýsa mikilli ánægju með faglegt starf skólans, áherslu á velliðan barna, fjölbreytni viðfangsefna, samskipti og upplýsingagjöf.</p> <p>Tækifæri: Taka skref í því að auka sjálfstæði barna í máltíðum, s.s. frágangur og kaffitími, en börnin lýsa áhuga á þeim verkefnum. Leita enn markvissar eftir hugmyndum barna og styðja þau við útfærslu/framkvæmd. Halda þarf áfram með að ígrunda sjálfsprottina leikinn í samhengi við námsumhverfi, dagskipulag og hlutverk starfsfólks. Skoða skipulag í fataherbergjum. Skoða hvort skipulag skólastarfsins uppfyllir óskir barna um sjálfsprottinn leik, bæði úti og inni (nýting rýmis/hljóðvist). Fá áframhaldandi fræðslu um leikinn og hlutverk starfsfólks. Upplýsa foreldra betur um leiðir sem skólinn fer við mat á námi og þroska barna.</p> |
|---|--|------------------------------------|---|

Greinargerð um ytra mat

| Hvað var metið? | Hvernig fór matið fram? | Hverjir tóku þátt? | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta) |
|------------------|--------------------------|--------------------|--|
| Ytra mat frá sfs | Skil á gögnum, sp.listi. | Stjórnendur | Gögn skólans, umhverfi og aðbúnaður metin í góðu lagi. |

UMBÓTAÁÆTLUN VINAGARÐS 2026-2027

Byggir á greinargerðum um innra og ytra mat og uppgjöri umbótaáætlunar 2025-2026.

| Umbótapáttur | Umbótataækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tímabil | Mat | Viðmið um árangur |
|--|--|--|----------------------|------------|--|---|
| Stefna, gildi og hugmyndafræði | | | | | | |
| Gildi skólans | Skipuleggja efnivið fyrir kristilegar stundir og samræma | Teymi þvert á deildir fundi reglulega yfir starfsárið | Stjórnendur | Allt árið | Fjöldi funda, námsgagnabanki aðgengilegur | Mat deildarstjóra, nýjungar í kristilegum stundum sjáanlegar (skráningar) |
| Kenningarammi skólans | Námsumhverfi sem ýtir betur undir flæði hjá börnum | Fræðsla um flæði, innri hvata og námsumhverfi | Stjórnendur | Nóvember | Fræðsla haldin, rýnihópur starfsfólks | Sýnilegar breytingar á námsumhverfi eða verkefnum |
| Starfshættir | | | | | | |
| Vinátta og tengsl | Innleiða Blæ vináttuverkefni fyrir yngri börn | Starfsfólk fari á námskeið Barnaheilla | Deildarstjórar yngri | Sept.-des. | Matslistar fyrir starfsfólk, foreldra-könnun | Starfsfólk sjái árangur af og foreldrar þekki verkefnið |
| Sjónarhorn barna, sjálfstæði, sjálfmynd | Auka sjálfshjálp í mat á öllum deildum | Hver deild skoði sinn hóp og geri tilraunir með breytingar | Deildarstjórar | Allt árið | Rýnihópar verklagsskráningar | Sýnilegar breytingar á verklagi, börn og starfsfólk séu ánægð með breytingar |
| Sjálfsprottinn leikur | Mikilvægi leiksins – hlutverk starfsfólks | Fræðsla og umræðuhópar í kjölfarið, fleiri skráningar á leik | Stjórnendateymi | Október | Mat á fræðslu, fjöldi skráninga | Starfsfólk meti að það hafi ígrundað leikinn og allir skilað skráningu |
| Stuðningur við þroska | Börn með taugaproskaraskanir | Sérkennsluteymi leiði fræðslu og bjóði handleiðslu | Sérkennslustjóri | Allt árið | Mat á fræðslu, fjöldi handleiðslutíma | Starfsfólk meti gagnsemi af fræðslu og stuðningur við börn sé betri m.v. gátlista |
| Virkt innra mat og umbætur | Markvissari teymisvinna | Fræðsla um teymisvinnu, skráning á teyllum og virkni | Innra matsteymi | Allt árið | Mat starfsfólks | Starfsfólk þekki hvaða teymi starfa, þekkingu deilt |
| Velliðan og öryggi | Tryggja hlutdeild allra í barnahópnum | Skoða markvisst virkni og félagslega stöðu hvers barns | Stjórnendateymi | Febrúar | Skráningar á deildum | Skráningar hafi skilað sér og rætt um niðurstöður |
| Grunnhættir menntunar | | | | | | |
| Læsi og samskipti | Gera læsisteymi virkt í samræmi við læsisst. | Teymið geri áherslur fyrir starfsárið | Læsisteymi | September | Matslisti starfsfólks um framkvæmd | Áherslur gefnar út, meirihluti starfsfólks þekki þær |

| | | | | | | |
|---|--|--|---------------------|------------|---|--|
| Sköpun og menning | Endurskoða þemu skólaársins | Stofna teymi um þemavinnu sem markar leiðir og verkefni | Þemateymi | Allt árið | Afrakstur teymis, könnun til starfsfólks | Starfsfólk sé ánægt með nýja þemavinnu, börnin þekki áherslur |
| Sjálfbærni og vísindi | Auka vísindalega hugsun og fjölga verkefnum | Innleiða verkefni úr Art meets STEM | Stjórnendateymi | Allt árið | Fundasókn, hugmyndabanki, rýnihópar barna | Ný verkefni sýnileg í starfi leikskólans, mat barna sé jákvætt |
| Heilbrigði og vellíðan | Hollur og fjölbreyttur matur | Gera matarstefnu fyrir leikskólann | Stjórnendur | Ágúst | Matarstefna komi út | Mat starfsfólks á framboði hærra en fyrri ár |
| Lýðræði, mannréttindi, jafnrétti | Börn fái sama viðmót og hvatningu, vinna gegn tvískiptingu | Fræðsla um staðalmyndir og orðræðu | Stjórnendur | Janúar | Gátlisti um jafnrétti | Fræðsla haldin og niðurstöður gátlista hærra en fyrri ár. |
| | Gæta að fjölbreytileika í efnivið | Skoða bækur og efnivið útfrá gátlista um fjölbreytileika | Jafnréttisfulltrúar | Júní-Ágúst | Niðurstöður um hverju skal farga og hvar þarf að bæta | Stjórnendur hafi brugðist við ábendingum |
| Mannauður | | | | | | |
| Rekstur skólans | Virk jafnlaunastefna | Gera launagreiningu í anda jafnlaunavottunar | Stjórnendur | Febrúar | Greining kynnt stjórn | Frávik séu lítil og brugðist við ef þarf |
| | Öryggi og aðbúnaður á vinnustað | Ljúka við öryggisáætlun og hefja umbætur | Öryggisnefnd | Allt árið | Birt umbótaáætlun | Öryggisáætlun gefin út og kynnt, umbótaáætlun birt |
| | Skjalavistun | Stofna hóp um skjalavistun, gera skjalavistunaráætlun | Stjórnendur | Allt árið | Skjalavistunaráætlun birt | Skjalavistun kynnt starfsfólki og orðin virk |
| Lærdómssamfélag | Jafnvægi vinnu og einkalífs | Bæta kafla í starfsmannahandbók | Jafnréttisfulltrúar | Haustönn | Ný útgáfa af stmhandbók | Kaflar kynntir og útgáfur uppfærðar |
| | Teymishugsun, miðlun þekkingar | Nýta mannauð betur milli deilda, heimsóknardagar | Stjórnendateymi | Allt árið | Rýnihópur starfsfólks meti | Fleiri telji sig hafa áhrif þvert á deildir |
| | | | | | | |
| Fjölskyldan og grenndarsamfélag | Endurskoða foreldrasamtöl | Skoða hvernig mat á þroska barna er kynnt, skoða fjölda | Deildarstjórar | Haustönn | Sýnilegar breytingar á verklagi | Foreldrakönnun sýni jákvæða breytingu |
| | Tengja foreldra að Lausnaringnum | Fræða foreldra um Lausnaringinn | Stjórnendateymi | Allt árið | Foreldrakönnun | Yfir 70% þekki Lausnaringinn |
| | Sýnileiki leikskólans | Kynna skólastarfið betur, heimasíða, samfélagmiðill | Stjórnendur | Haustönn | Nýtt útlit síðu og virkni á miðlum | Niðurstöður prófana jákvæðar, fjöldi fylgjenda |

INNRA MAT OG UMBÆTUR UNGAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 2-3 ÁRA

Umbótaverkefni liðins starfsárs sneru að ýmsum þáttum, meðal annars innleiðingu lausnahrings, kynningu á forvarnarverkefni gegn einelti á vegum Barnaheilla sem nefnist *Vinátta*, auk verkefna á borð við „Gefðu 10“, orð mánaðarins, aukins vals barna við útfærslu verkefna og aukins sjálfstæðis í matmálstímum. Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu *Vinátta* og stóð til að innleiða Blæ samhliða verkefninu. Ennþá er bið eftir að komast á námskeið hjá Barnaheillum vegna Vináttu og því var innleiðingu þess verkefnis frestað. Auk þess urðu ófyrirséðar mannabreytingar á Ungagarði á skólaárinu og því var ákveðið að fresta innleiðingu fleiri verkefna. Stefnt er að því að auka kraftinn í notkun Lausnahringsins og innleiða forvarnarverkefnið *Vinátta* á næsta skólaári, ásamt fleiri þáttum, svo sem „Gefðu 10“ og orði mánaðarins.

Þrátt fyrir þessar breytingar var daglegt starf í góðum farvegi og skilaði góðu starfsári með börnunum. Það var ánægjulegt að sjá hversu spennt þau voru fyrir stundunum, hvort sem um var að ræða Lubbastund, stundir um moldina, tónlistarstund, ærslastund eða kristilega stund. Sjónrænt skipulag var einnig sett upp í augnhæð fyrir börnin í samverukróknum. Það var rætt í upphafi samverustunda og auk þess var sett upp skífa sem sýndi hvernig ætti að klæða sig eftir veðri dagsins til að styðja við sjálfstæði barnanna.

Umbótaverkefni komandi starfsárs snúa að betri innleiðingu á Lausnaringnum og kynningu á forvarnarverkefni gegn einelti á vegum Barnaheilla sem kallast *Vinátta*. Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu en þar er lögð áhersla á að kenna börnunum að vera góður félagi og sýna vináttu, umhyggju, virðingu og hugrekki. Verkefnið þjálfar félagsfærni og samskipti og stuðlar að góðum skólalag.

| | Umbótataækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tími | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|---------------------------|--|--|---------------|-----------|--|---|
| Vellíðan og öryggi | Efla börnin í að leysa ágreining án inngrips starfsfólks | Fjalla um hvern þátt Lausnahringsins yfir hálf mánaðar tímabil og nýta hálsbandið í samskiptum | Deildarstjóri | Sept -maí | Sjálfsmat starfsfólks, skráningar á innleiðingu og notkun efnis og hálsbands | Skráningar sýni merki um að börnin hafi leiti lausna sjálf í samskiptum við hvert annað |
| Vinátta og tengsl | Styrkja vináttufærni | Nýta Blæ, finna reglulega tíma fyrir umræður um efnið, nýta vináttusöngva | Deildarstjóri | Sept -maí | Sjálfsmat starfsfólks, skráningar | Að börnin séu farin að þekkja hugtök og söngva um vináttuna |
| Sjálfstæði | Auka einbeitingu og ábyrgð barna í upphafi dags | Val inni á deild á morgnana, sem standi í tiltekinn tíma | Deildarstjóri | Sept -maí | Sjálfsmat starfsfólks | Að val hafi staðið til boða innan deildarinnar a.m.k. vikulega |

INNRA MAT OG UMBÆTUR GRÍSAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 3-4 ÁRA

Umbótaverkefni liðins starfsárs sneru að því að efla vináttufærni, samskipti og félagsfærni og auka áherslu á ferlið í skapandi verkefnum. Vel gekk að innleiða Lausnahringinn. Hver hringur fékk umfjöllun í samverustundum að morgni til og var starfsfólk duglegt að grípa í Lausnahringinn til þess að aðstoða börnin í samskiptum og leysa úr ágreiningi. Börnin nota iðulega lausnahringinn í samskiptum og taka vel í þegar starfsmaður leggur til lausnir. Ekki náðist að fá námskeið um Vináttuverkefnið Blæ og féll sú innleiðing niður. Við lok skólaársins sýndu skráningar að börnin höfðu mikið að segja um vináttuna og höfðu öðlast nokkuð djúpan skilning á því hvað það er að vera vinur. Aukin áhersla á ferlið í skapandi stundum gekk afar vel. Fjölbreyttur efniviður ýtti undir að sköpunargleði hvers og eins nyti sín. Dregið var verulega úr stýrðu föndri, lögð áhersla á að börnin fengu að njóta sín í ferlinu. Telur starfsfólk deildarinnar að hafi þessi nálgun hafi mögulega aukið áhuga barnanna á föndri og öðrum verkefnum. Að mati starfsfólks sáust miklar framfarir í sköpun sem og að áhugi og úthald barnanna jókst til muna.

Umbótaverkefni komandi starfsárs verða þrjú talsins; Að auka við lýðræði í barnahópnum, vináttan og tengsl, fjölskyldan og heimamenningu. Grundvallarþáttur í starfi með börnum er að tekin séu mið af þeirra skoðunum og sjónarmiðum. Lögð verður áhersla að skoða hvernig börnin geti haft meiri áhrif á skóladaginn sinn og á skólastarfið. Örug tengsl eru mikilvæg í lífi barns, stór þáttur í starfi leikskólustarfsfólks er að stuðla að góðri tengslamyndun við börnin. Unnið verður markvisst með Gefðu 10 og Tengslareikninginn til þess að styðja við tengslamyndun, draga úr óáskilegri hegðun og stuðla að öryggi og vellíðan barnanna. Fjölskyldur eru fjölbreyttar og hver hefur sína heimamenningu. Börnunum gefst tækifæri til þess að kynna sína heimamenningu fyrir önnur börn á deildinni, læra um aðrar heimilisvenjur og fjölbreyttar fjölskyldur.

| | Umbótataækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tímabil | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|---|---|--|-----------------|---------------|---|--|
| Lýðræði, mannréttindi, jafnrétti | Auka lýðræði, hópurinn fái að hafa áhrif á daginn sinn og skólastarfið. | Rýna hvernig börnin geti haft aukin áhrif á dagskipulag, bjóða aukið val og fleiri kosningar. Hlusta á skoðanir barna. | Allt starfsfólk | Sept. til maí | Skráningar og sjálfsmat starfsfólks. Rýnihópar barna. | Áhugi og vilji barnanna birtist í dagskipulaginu. Að börnin upplifi að þeirra skoðun skipti máli og að á þau sé hlustað. |
| Vináttan og tengsl | Styðja við og rýna tengsl barna, við starfsfólk og önnur börn. | Nýta „Gefðu 10“ og Tengslareikninginn til þess halda utan um og tryggja góða tengslamyndun allra barna á deildinni. | Deildarstjóri | Sept. til maí | Skráningar. Farið yfir Gefðu 10 og Tengslareikning mánaðarlega þar sem starfsfólk ígrundar. | Að hlúð sé vel að tengslum við börnin og að hvert barn fái tíma daglega með starfsmanni. |
| Fjölskylda | Vinna með heimamenningu. Fræða börn um fjölbreyttar fjölskyldur. | Vinum með heimamennungsverkefni yfir veturinn. Starfsfólk ígrundi hvernig hægt er að útfæra mismunandi verkefni. | Allt starfsfólk | Sept. Til maí | Skráningar og sjálfsmat starfsfólks. Rýnihópar barna. | Að börnin fái að kynna sína heimamenningu og læra um aðra fjölskylduhagi. |

INNRA MAT OG UMBÆTUR KÓPAGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 3-4 ÁRA

Umbótaverkefni liðins starfsárs Umbótaverkefni liðins starfsárs var að bæta aðgengi barnanna að leikefninu þ.e.a.s að hafa betri hirslur fyrir börnin þar sem þau geti auðveldlega sótt sér efnivið, merkja betur leikefnið og hafa það sýnilegra. Það gekk eftir og núna er búið að merkja allar hirslur og allt leikefni og efniviður er þeim aðgengilegur og auðveldar þeim að ná í efnivið og ganga frá. Bættum einnig við meira af segulkubbum sem leiddi til þess að fleiri gátu leikið saman og flóknari byggingar skapaðar. Keypt voru ný púsl sem börnin voru mjög ánægð með þá blómstraði frjálsi leikurinn og hugmyndir barnanna fengu að njóta sín. Hlutverkakrókurinn var mikið nýttur og safnað var í hann ýmsum efniviði t.d. búðardóti. Hreyfistundirnar fóru vel af stað í byrjun og var mikill áhugi hjá börnunum. Eftir áramótin dró aðeins úr stundunum og varð að meiri leikjum og dansi en ætlum með sumrinu að færa stundirnar út því áhugi barnanna er til staðar. Eitt af umbótaverkefnum okkar var að vinna meira úr þeim bókum sem við lesum og vinna úr þeim á skapandi hátt. Því miður náðist ekki nógu vel að vinna með þennan hóp að þessu verkefni þar sem mesta vinnan okkar fólst í því að kenna þeim að leika og hjálpa þeim í félagslegum aðstæðum og kenna þeim félagsfærni og kom lausnaringurinn þar mikið við sögu og hjálpaði til.

Umbótaverkefni komandi starfsárs eru þrjú sem snúa að lýðræði, mannréttindum og tvö verkefni varðandi jafnrétti og sköpun og menningu/læsi. Lýðræði mun tengjast inn í allar okkar athafnir. Allir hafa rödd. Við munum hlusta á þeirra mismunandi raddir, virða þær og leita eftir skoðunum þeirra í samtali og í gegnum rýnihópana. Hugmyndir þeirra hafa síðan áhrif á verkefnaval, bókaval og val á aðferðum til að tjá sig þegar unnið er úr upplifunum sem tengjast verkefnum og námsþáttum leikskólans. Við munum hafa sama umbótaþátt og í fyrra varðandi að vinna úr þeim bókum sem við lesum fyrir börnin við viljum virkja töfraheim ímyndunarafslsins hjá börnunum. Seinna verkefnið snýr að öllum þeim ferðum sem farið er í og halda skráningu þar sem börnin tjá upplifun sína og vinna úr ferðinni á sinn hátt

| | Umbótatækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tími | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|---|--|---|----------|-----------|---|---|
| Lýðræði, mannréttindi, jafnrétti | Börnin hafi meiri ákvarðanatöku um deildarstarfið | Öll börn fái tækifæri til að hafa áhrif á sitt starf í leikskólanum | Kennarar | Sept- maí | Skráningar og sjálfmat starfsfólks | Niðurstöður skráninga sýni markvissa vinnu með hverju barni. Breytingar á dagskipulagi. |
| Sköpun og menning/læsi | Vinna betur úr þeim ferðum sem farið er í | Unnin eru skapandi verkefni eftir hverja ferð | Kennarar | Sept- maí | Rýnihópur barna, skráningar. | Útbúin ferðabók eftir ferðir vetrarins |
| Sköpun og menning/læsi | Vinna betur úr þeim bókum sem við lesum fyrir börnin | Að sköpun barnanna fái að njóta sín við úrvinnslu bókanna sem lesnar eru. | Kennarar | Sept- maí | Sýning á fjölbreyttum verkefnum eftir sögulestur. Rýnihópar | Börn upplifi skemmtilega sköpun og fjölbreytta hugmyndavinnu við lestur bóka |

INNRA MAT OG UMBÆTUR UGLUGARÐS – DEILD FYRIR BÖRN 4-5 ÁRA

Umbótaáætlun liðins starfsárs var að bæta aðgengi barnanna að leikefninu s.s. fá glæra plastkassa fyrir leikefnið og merkja þá. Leikefnið var sett í glæra plastkassa en ekki náðist að merkja kassana. Annar liður var að auka skilning barnanna á markmiðum verkefna, sá þáttur fór af stað en er ekki lokið. Kortlagning fór fram í rýnihópum barna sem sýndi hvaða skilning þau leggja í verkefni sín og nýttist það fyrir áframhaldandi samtal. Í þriðja lagi var að bjóða upp á búningakassa fyrir börnin. Það náðist að hluta en börnin komu í búning í leikskólann á Öskudaginn. Nýjrir búningar eru svo í pöntun í sumar.

Umbótaverkefni komandi starfsárs snúast um sjálfssprotna leikinn, lærdómssamfélagið og sköpun og menningu. Við ætlum að endurtaka umbótaþættina sem ekki náðust á liðnu skólaári sem eru betri yfirsýn yfir efnivið deildarinnar til að auðga leik barnanna. Einnig ætlum við að bjóða upp á búningakassa í vetur. Við ætlum að halda áfram með umbótaþáttinn að auka skilning barnanna á markmiðum verkefna sem þau fást við. Ræða verkefnið í upphafi hvað við erum að gera og og ræða verkefnið í lokin. Þetta verður mjög spennandi og gaman að vinna að því að gera börnin betur meðvituð um það sem þau eru að læra. Nýr umbótaþáttur er að endurnýja hljóðfærakost deildarinnar.

| | Umbótatækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tímabil | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|--|---|--|------------------|-----------|---|--|
| Sjálfsprottinn leikur, sjálfstæði | Börnin hafi betri yfirsýn yfir efnivið deildarinnar | Merkja kassa fyrir efnivið. | Deildarstjóri | Haustönn | Taka myndir af hirslum fyrir og eftir. Skráning á leik. | Að breytingarnir geri börnin meðvitaðri um leikefni sem er í boði og gera ritmálið sýnilegra |
| Sköpun og menning | Auka skilning barna á markmiðum verkefna | Auka samtal við börnin í ferlinu | Kennarar | Allt árið | Rýnihópur barna | Börnin þekki þemavinnu og föst verkefni. Finna fræðsluefni fyrir starfsfólk. |
| Sköpun og menning | Bjóða upp á búninga í hlutverkaleik mánaðarlega. | Hafa búningakassa þar sem börnin geta valið sér búninga. | Kennarar | Allt árið | Rýnihópur barna | Börn upplifi skemmtilega tilbreytingu í hlutverkaleiknum |
| Sköpun og menning | Auka hljóðfærakost í tónlistarstarfi, píanó og tré sílafón. | Að kaupa þessi hljóðfæri, ný eða notuð. | Tónlistarkennari | Haustönn | Hvort hljóðfæri hafi verið keypt. | Að efla enn frekar gott tónlistar- og kórastarf. |

Mat á stuðningi

Á liðnu starfsári fengu tvö börn stuðning í 1.flokki og tvö börn 50% stuðning. Alls fengu fimmtán börn íhlutun og þar af fjórtán eftirfylgd og/eða ráðgjöf frá Norðurmiðstöð. Stuðningur var ráðinn fyrir fjögur börn inni á deildum í vetur. Sérkennslustjóri hélt utan um skýrslugerðir vegna skólaskila og boðaði til skilafunda með grunnskólum og frístundaheimilum til að mikilvægar upplýsingar kæmust á milli skólastiga. Sérkennslustjóri hefur gert einstaklingsáætlanir út frá AEPS-listum og setið teymisfundi. Lausnateymi skipað öllum deildarstjórum, sérkennslustjóra og sérfræðingum á Norðurmiðstöð hittist þrisvar í vetur. Haldið var áfram að innleiða nýja verkferla vegna lausnateymisfunda. Komið var á sérkennsluteymi og læsisteymið hóf störf samkvæmt læsisáætlun skólans sem var gefin út 2024. Sérkennslustjóri sækir fundi í lærdóms-samfélagi læsisteyma og sérkennslustjóra. Sérfræðingar komu í áhorf og með ráðgjöf vegna nokkurra barna með mál-, hegðunar- og félagsfærnivanda og nokkur börn fengu talþjálfun frá talmeinafræðingi frá Norðurmiðstöð.

Skipulagning stuðnings 2025-2026 Sérkennslustjóri sá um að leggja Efi-2 fyrir öll börn á fjórða aldursári og var áfram samstarf við Norðurmiðstöð um meiri samvinnu og eftirfylgni varðandi Efi- 2 og Hljóm-2. Talmeinafræðingur fundaði með sérkennslustjóra og deildarstjóra á elstu deild til að meta stöðuna og ráðleggja um vinnu með þeim börnum sem komu slök út úr skimununum. Við skráningar var notaður AEPS-listinn, orðaforðalisti MMS hafður til hliðsjónar og Orðaskil. Einnig var unnið á deildum með félagsfærni og hegðun hjá nokkrum börnum.

Hvaða matsgögn voru notuð? TRAS er lagt fyrir öll börn í leikskólanum, EFI-2 fyrir öll börn á fjórða aldursári og Hljóm-2 fyrir þau elstu. *Orðaskil* og *AEPS-listinn* og einstaklingsáætlun unnin út frá því.

Hvaða námsefni var notað? Dæmi um námsefni sem notað var: *Lubbi finnur málbein*, efni úr *Lærum og leikum með hljóðin*, *Tölum saman*, *Ljáðu mér eyra*, efnið *Orðaleikur*, *orðanáms í leikskóla*, *Orðagull*, *Málhljóðakassinn*, ýmis spil, bækur og heimagerð efni. Árlega eru bækur og spil keypt til málörvunar. Bókin *Orð eru ævintýri* hefur einnig nýst vel ásamt mynda- og orðaspjöldum sem leikskólinn fékk að gjöf. Starfsfólk sótti fræðslu tengda efninu í vetur.

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna

Sjö börn voru fjöltyngd eða með annað móðurmál en íslensku og þurfti eitt þeirra sérstaka málörvun framan af vetri eða þar til ráðinn var stuðningur inn á deild til að styðja við og kenna barninu í aðstæðum. Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla eru notaðir fyrir börn sem hafa enga íslensku heima til að halda betur utan um þau og fylgjast með framförum þeirra í íslensku. Túlkþjónusta er ávallt í boði fyrir foreldra sem geta ekki tjáð sig á íslensku og leikskólinn útvegar viðeigandi námsgögn fyrir þennan hóp barna. Sérkennslustjóri er tengiliður fjölmennningar í skólanum og tengiliður farsældar og hefur setið fundi og námskeið tengd því.

Sem dæmi um daglega vinnu með orðaforða er starfsfólk hvatt til að leggja orð á athafnir og tala sérstaklega við barnið daglega (Gefðu 10 reglan). Málörvun er í gegnum *Lubbi finnur málbein* sem notað er á fjölbreyttan hátt á öllum deildum og alltaf byggt ofan á eftir aldri barna. Bókin Orð eru ævintýri hefur reynst vel og foreldrum með annað móðurmál en íslensku er bent á tungumálavef tengdan bókinni. **Lesið er sérstaklega með barni sem er fjöltyngt** eins og tók eru á og orðaforði þannig dýpkaður. Einnig eru hljómfall, leikræn tjáning og myndir notaðar. Málörvunarstundir eru stöðugt í gangi þar sem unnið er sérstaklega með máhljóðin, orðaforða, skilning, hlustun og tjáningu. **Til að meta framfarir barnanna** er stuðst við *orðaforða Menntamálastofnunar, TRAS, Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og Einn leikskóli, mörg tungumál*. **Aðaláherslan hefur verið á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu** en reynt er að huga að öllum þáttum máls. Börnin eru hvött til þátttöku í samverustundum og leik með hinum börnunum og studd til þess.

| | Umbótataækifæri | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Tími | Hvernig metið | Viðmið um árangur |
|-----------------------|--|---|-------------------|----------|-------------------------------------|--|
| Læsi og samskipti | Gera læsisteymið virkara í samræmi við læsisáætlun | Teymi nýti skipulagsdag að hausti og geri áherslur og hugmyndir fyrir skólann fyrir starfsárið. | Sérkennslu-stjóri | Sept. 26 | Könnun til starfsfólks og gátlistar | Unnið sé eftir læsisáætlun og starfsfólk þekki áætlun og verkefni tengd henni. |
| Stuðningur við þroska | Sérkennsluteymið komi með fræðslu og hugmyndir | Teymið komi reglulega saman, miðli fræðslu og hugmyndum. | Sérkennslu-stjóri | Sept-maí | Fundargerðir teymis | Fundargerðir sýni virkni, starfsfólk upplifi að stuðningur vegna barna sé faglegur og viti hvert má leita. |

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA

Fræðsla liðins starfsárs var fjölbreytt og var símenntunaráætlun skólans uppfyllt að mestu leyti. Áhersla var á fræðslu sem tengdist starfsaðferðum skólans og þar var valið lærdómssamfélagið og sjálfsprottinn leikur. Við fengum fræðslu um bæði þessi atriði og í kjölfarið greindi starfsfólk eigið starf og upplifanir út frá þeim. Í anda lærdómssamfélagsins var áhersla á fræðslu frá starfsfólki skólans. Síðast en ekki síst var farið í náms- og kynnisferð til Hollands þar sem áhersla var á sköpun og náttúrufræðikennslu.

Símenntunaráætlun var unnin samhliða starfsþróunarsamtölum í apríl. Næsta vetur verður fræðsla um skráningar, teymisvinnu, flæði og námsumhverfi, kynjafræði, taugaþroskaraskanir hjá börnum og skyndihjálp.

Fjórir starfsmenn eru skráðir í fagnám næsta vetur; leikskólakennaranám, nám um farsæld barna og leikskólaliðanám.

SAMSTARF LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Leikskólinn tekur þátt í samstarfsverkefninu Farsæl skil leik- og grunnskóla ásamt Langholtsskóla, Brákarborg, Langholti og Sunnuási. Markmið samstarfs milli leikskóla og grunnskóla er að stuðla að jákvæðri upplifun barnanna af flutningnum milli skólastiganna. Eitt af markmiðum samstarfsins er að börnin í hverfinu fái að kynna áður en grunnskólagangan hefst og einnig að þau fái að kynna Langholtsskóla. Samstarf við leikskóla og grunnskóla hverfisins er sett niður á fundi í ágúst þar sem deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar grunnskólans tímasetja viðburði. Fastir liðir eru að elstu nemendur leikskólanna og nemendur í fyrsta bekk hittast á degi íslenskrar tungu í Langholtsskóla og syngja saman og fyrir hvert annað. Sami hópur hittist í desember til að leika sér á leiksvæði í Laugardal og fær sér kakó og piparkökur. Á vordögum fara þau börn sem fara í Langholtsskóla í haust í heimsókn í 1. bekk. Þar fá þau að kynna skólastofunni og vinna ýmis verkefni. Einnig er venjan að leikskólarnir í hverfinu og Langholtsskóla hittist á leikjalegi á vordögum. Einnig er alltaf leitast við að kynna frístundaheimilið í hverfinu og næsta vetur verður farið í reglulegt samstarf við Dalheima.

FORELDRASAMVINNA

Í Vinagarði er starfandi stjórn leikskólans sem einnig ber ábyrgð á rekstri skólans. Í mars er kosið í stjórnina á aðalfundi. Í henni sitja fimm einstaklingar þar sem stjórn KFUM og KFUK skipar einn fulltrúa og foreldrafélag leikskólans annan. Aðrir stjórnarmenn eru félagar í KFUM og KFUK. Stjórnarmenn eru yfirleitt alltaf einnig foreldrar í leikskólanum. Stjórnin hittist mánaðarlega á fundi þar sem farið er yfir starfið í leikskólanum, rekstur og ýmis verkefni. Stjórn leikskólans er jafngild foreldraráði samkvæmt lögum um leikskóla.

Kynningarfundir fyrir foreldra eru haldnir að hausti þar sem farið er yfir vetrarstarfið og önnur mál rædd. Á vorin er nýjum foreldrum boðið til kynningarfundar. Þá er stefna skólans og ýmis hagnýt atriði kynnt, starfsfólk deilda kynnt og fyrirkomulag á aðlögun. Foreldrar fá einnig að ganga um skólann og spyrja spurninga.

Foreldrasamtöl eru árlega í febrúar og mars. Þar er farið yfir nám og þroska barnsins, líðan og aðra hluti sem deildarstjóri/kennari telur mikilvægt að ræða auk þess sem foreldrar koma með sín málefni. Ef þroskamat eða skimun hefur farið fram er einnig farið yfir þær niðurstöður og hvernig unnið skal með þær.

Foreldrafélag er starfandi og eru allir foreldrar eru sjálfkrafa í foreldrafélaginu. Félagið skipuleggur ýmsa viðburði eins og haustferð í Vatnaskóg, jólasveinaheimsóknir, jólaball, páskaeggjaleit og vorhátíð. Foreldrafélagið leggur einnig hönd á plóg við vorhreinsun lóðarinnar og er tilbúið til aðstoðar hvenær sem þörf er á.

SKIPULAGSDAGAR OG LEIKSKÓLADAGATAL 2026-2027

| ÁGÚST | | OKTÓBER | | DESEMBER | | JANÚAR | | MARS | | APRÍL | | JÚNÍ | |
|-----------|----------------------------|----------|------------------------------------|----------|------------------------|---------|-----------------------------|------|----------------------|-------|----------------------|--|------------------------------------|
| 4 | Skóli hefst kl. 13 | 1 | Ferð í Vatnaskóg | 1 | Aðventukaffi | 1 | Nýársdagur | 14 | Dagur stærðfræðinnar | 22 | Sumardagurinn fyrsti | 6 | Sjómannadagurinn |
| | | 11 | Fæðingardagur forseta Íslands (HT) | 18 | Rauður þemadagur | 6 | Prettándinn | 2 | Gulur þemadagur | | | 16 | Þjóðhátíð Vinagarðs |
| SEPTEMBER | | 22 | Skráningardagur | 23 | Þorláksmessa | 22 | Bóndadagur - Þorri | 21 | Pálmasunnudagur | MAÍ | | 17 | Lýðveldisdagurinn |
| 4 | Skipulagsdagur - lokað | 23 | Skráningardagur | 24 | Aðfangadagur jóla | | | 22 | Skráningardagur | 1 | Verkalýðsdagurinn | | |
| 8 | Dagur læsis | 24 | Fyrsti vetrardagur | 25 | Jóladagur | FEBRÚAR | | 23 | Skráningardagur | 6 | Uppstigningardagur | JÚLÍ | |
| 16 | Dagur íslenskrar náttúru | 26 | Skipulagsdagur - lokað | 26 | Annar í jólum | 6 | Dagur leikskólans | 24 | Skráningardagur | 12 | Vorhátíð - opið hús | 5 | Sumarlokun hefst opnum 3.8. kl. 13 |
| 26 | Evrópski tungumáladagurinn | | | 28 | Skipulagsdagur - lokað | 7 | Dagur tónlistarskólans | 25 | Skírdagur | 16 | Hvítasunnudagur | | |
| | | NÓVEMBER | | 29 | Skipulagsdagur - lokað | 8 | Bolludagur | 26 | Föstudagurinn langi | 17 | Annar í Hvítasunnu | | |
| | | 8 | Baráttudagur gegn einelti | 30 | Skipulagsdagur - lokað | 9 | Sprengidagur | 28 | Þáskadagur | 27 | Útskrift elstu barna | Litamerkingar: | |
| | | 16 | Dagur íslenskrar tungu | 31 | Gamlársdagur | 10 | Öskudagur | 29 | Annar í Þáskum | | | Merkisdagar skólans, skólinn opinn | |
| | | 17 | Afmæli Vinagarðs | | | 11 | Dagur íslenska tákn málsins | | | | | Skrá þarf börn í vistun | |
| | | 20 | Dagur mannréttinda barna | | | 21 | Konudagur - Góa | | | | | Leikskólinn lokaður að hluta eða alveg | |
| | | 29 | Jólaball foreldrafélags | | | 22 | Vetrarfrí-lokað | | | | | Almennir frídagar leikskóli lokaður | |
| | | | | | | 23 | Skipulagsdagur - lokað | | | | | Aðrir merkisdagar | |

Stjórn leikskólans gegnir hlutverki foreldraráðs. Stjórnin fundar mánaðarlega um málefni leikskólans. Stjórnina skipa:

Bára Sigurjónsdóttir, formaður
Berglind Ósk Einarsdóttir, gjaldkeri
Björg Brynjarsdóttir
Hilmar Einarsson, ritari
Hrefna Dís Brynjólfsson, Hrefna Dís Brynjólfsson
Hrund Ólafsdóttir
Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir

Umsögn stjórnar:

Starfsárið 2025–2026 var viðburðaríkt ár í leikskólanum Vinagarði, sem fagnaði 50 ára afmæli sínu á þessu starfsári. Starfið í leikskólanum mótaðist að miklu leyti af þessum merkisáfangum og fjölbreyttir viðburðir voru haldnir fyrir börn, starfsfólk og foreldra allt árið um kring. Innleiðing nýrrar skólanámskrár hélt áfram með áherslu á starfsaðferðir, lærdómssamfélag og sjálfsprottinn leik. Foreldranámskeið voru haldin og samstarf við evrópska leikskóla eflt. Í Vinagarði byggist starfið á kristilegum grunni sem fléttast inn í daglegt starf. Mikil áhersla er lögð á vináttu, umhyggju og jákvæð samskipti. Daglegt starf er metnaðarfullt og er leitt áfram af öflugum starfsmannahópi þar sem hlutfall fagmenntaðs starfsfólks er hátt. Velferð barnanna er ávallt í fyrirrúmi og stjórnendur vinna markvisst að því að skapa faglegt og hvetjandi umhverfi fyrir börn og starfsfólk.

Unnið var vandað innra mat á starfi leikskólans með megináherslu á að meta starfsaðferðir og mannauð. Matið var unnið í samstarfi við börn, starfsfólk og foreldra með fjölbreyttum aðferðum og leiddi meðal annars í ljós mikilvæga styrkleika í starfi leikskólans. Þar má nefna að börnin skilja vel hvað felst í góðri vináttu og tengja hana við samskiptareglur og lausnaringinn. Starfsfólk upplifir virkt lærdómssamfélag og foreldrar telja samskipti og samvinnu starfsfólks góða. Einnig komu í ljós umbótatækifæri og í kjölfarið var sett fram umbótaáætlun fyrir starfsárið 2026–2027 til að styrkja starf leikskólans enn frekar. Stjórn Vinagarðs er stolt af því starfi sem unnið er í leikskólanum og ber mikið traust til stjórnenda og starfsfólks, sem og til starfsáætlunar skólaársins 2026–2027